

Soffia frænka mín hét fullu nafni Soffia Þuríður Magnúsdóttir og var fædd 3. júlí 1922. Þuríðarnafnið fékk hún eftir móðurömmu sína sem var langömmusystir mín og föstra ömmu minnar. Soffia var einkadóttir og frumburður foreldra sinna þeirra Bjargar Magnúsdóttur ljósmóður og Magnúsar Jónassonar sem bjuggu allan sinn búskap í Túngarði á Fellsströnd. Hún átti einn bróður Gest sem var tveim árum yngri en hún. Soffia var snemma mjög bráðger og þegar hún var fimm ára orti Björg móðir hennar um hana vísu:

Soffia með sinni glatt
Síst hún kvíðir nokkru fari
Les hún sögur leifturhratt
Lítil snót á fimmta ári.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

| | | | |
|--------------|---------------|-------|-----|
| Bréfalykill: | 177 | Abm.: | HBA |
| Fylgiskjal: | | | |
| Móttök: | 22. DES. 2009 | | |
| Málsnúmer: | HÍ 09010008 | | |

Soffa, eins og við kölluðum hana alltaf var yndi og augasteinn foreldra sinna allt frá því að hún kom í heiminn en Björg móðir hennar fór inn að Akri til Þuríðar systur sinnar til þess að vera nær ljósmóður þegar von var á barninu. Móðir mín ólst upp sín fyrstu ár á Staðarfelli hjá afa Soffu og ömmu þeim Magnúsi Friðrikssyni stórbónda og Soffiu Gestsdóttur konu hans en í umsjá Bjargar dóttur þeirra og flutti svo með henni í Túngarð þegar þau Björg og Magnús giftu sig 1917. Það má því segja að auk frændseminnar þá hafi þrjár kynslóðir formæðra Soffiu alið ömmu mína og mömmu upp. Saga mín og móðurfólks míns hefur verið samofin sögu þeirra Þuríðar, Soffiu, Bjargar og Soffu í yfir 160 ár eða allt frá því að langamma mín fæddist og systir hennar og langamma Soffu tók hana að sér. Og nöfnin ganga eins og rauður þráður gegn um ættirnar. Dóttir mín heitir svo Björg Soffia í höfuðið á mömmu og Björg í Túngarði og Soffiu á Staðarfelli og Soffiu Magnúsdóttur. Björg var mér sem besta amma alla tíð en sjálf eignaðist hún engin eigin barnabörn. Mamma og Soffa gátu seinni árin endalaust rifjað upp gamla daga og mamma sem mundi tíu árum lengra en Soffa sagði henni frá Staðarfelli og Þuríði mömmu sem allir kölluðu svo og Maríu og Jónasi föðurforeldrum Soffu sem einnig bjuggu í Túngarði í skjóli Bjargar og Magnúsar sonar síns. Soffia rifjaði oft upp þegar mamma leiddi hana um túnið í Túngarði og sýndi henni búið sitt og álfasteinana og sagði henni sögur og ævintýri. Hver minning og hver saga að vestan var þeim svo kær. Fellsströndin var fjársjóður minninganna. Þar áttu þær ættir sínar og óðöl. Vinátta þeirra og og djúpu tengsl hélst ævina út. Það var ólýsanlega falleg stund, en um leið svo átakanleg, að sjá þær frænkumar haldast í hendur daginn áður en Soffa dó, mamma svo lítil og gömul og þreytt, að verða 93 ára og Soffa svo máttlítil og málstola. En hlýjan sm streymdi á milli þeirra var ólýsanleg.

Soffa var snemma bráðger. Tveggja ára kunni hún 40 vísur, skrifar Björg móðir hennar í dagbókina sína og telur þær allar upp. Og greinilega hraðlæs fjögurra ára. En þ

Það er erfitt að lýsa ævi Soffiu án þess að nefna Gest bróður hennar, svo samtvinnuð var þeirra lífsganga og saga. Þau systkinin ólust upp við öll venjuleg sveitastörf fram eftir aldri. Í Túngarði ríkti dugnaður, snyrtimennska og ráðdeild og menning og framfarir einkenndu heimilishaldið. Magnús faðir þeirra var glæsímenni, vel gefinn, harðduglegur, virtur og vel metinn og gegndi ótal trúnaðarstörfum fyrir sveit sína.

Björg móðir þeirra var elskuð og dáð af sveitungum sínum fyrir sínar færur ljósmóðurhendur, hjálpssemi og áræði. En oft þurftu hún að bregða sér af bæ, viku og viku,

til þess að sitja yfir sængurkonum, og þá þótti litlu systkinunum tíminn stundum lengi að líða. En María föðuramma var þá betri en enginn. Bæði voru þau systkinin fróðleiksfús og nutu þar góðrar menntunar og hvatningar beggja foreldra. Það var því eðlilegt að hugurinn stefndi hátt hjá þeim systkinum.

Björg hafði sótt sitt ljósmóðurnám til Reykjavíkur veturinn 1909-10 en Magnús faðir þeirra hafði farið til náms við Gagnfræðaskólann á Akureyri sama vetur en efnin leyfðu ekki lengri skólavist. Honum var það því síður en svo á móti skapi þegar þau systkinin létu í ljósi óskir um að fara til náms við Menntaskólann á Akureyri.

Hann hafði að vísu aðeins hugsað sér að sonurinn gengi menntavegin, stúlkur voru fáséðar í menntaskólum á þessum árum, og Soffía hafði varla þorað að nefna þessa löngun sína. En norður fóru þau haustið 1938, þá var Soffía 16 ára og Gestur 14 ára. og þar tóku við mikil þroska- og lærdómsár. Soffía var mikill námsmaður, glögg og vandvirk. Hún elskaði latinuna og rúllaði upp Horaci, Cicero og Gallastríðunum. Á latnesku glósumnar sínar skrifaði hún "skemmtilegar og fróðlegar".

Menntaskólaárin voru ár bjartsýni og gleði, ár vináttu og tryggða á vori lífsins. Ógleymanleg og ómetanleg ár. Og á lýðveldishátíðarvorinu settu þau systkinin upp stúdentshúfurnar. Framtíðin blasti við fögur og spennandi.

En brátt komu blikur á loft og bjartur himininn myrkvaðist. Soffía greindist með heilæxli. Þessi unga, fallega og velmenntaða stúlka sem var að stökkva út í lífið á sterkum vængjum, lá allt í einu flöt við fótiskör dauðans. Hér heima var ekkert til ráða, en í Danmörku fréttist af frægum skurðlækni dr Busch, sem gerði kraftaverk. Og Soffía varð eitt af kraftaverkunum hans. Með Guðs og góðra manna hjálp, ótrúlegum viljastyrk og léttri lund náði hún síðar undraverðum bata.

En aðgerðin tók sinn toll og breytti mörgu í lífi ungrar stúlku. Og sjálfsagt hefur það átt þátt í því að Soffía giftist aldrei og eignaðist engin börn. Meðan aðrir stofnuðu fjölskyldur barðist hún við að halda heilsu. Háskólanámið var einnig lagt á hilluna í bili og Soffía hóf störf við Lyfjaverslun ríkisins þar sem hún vann um áratuga skeið. Þar undi hún sér afar vel og eignaðist marga vini. Löngu seinna lauk Soffía BA-prófi í dönsku og bókasafnsfræðum frá Háskóla Íslands, samhliða starfi sínu. Hún varð síðan fulltrúi og síðar deildarstjóri í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þar sem annars staðar var hún virt og metin að verðleikum, vandvirk, samviskusöm og ábyggileg.

Soffía festi í fyllingu tímans kaup á fallegrri hæð í Drápuhlíð 41. Þar bjó hún sér fagurt og hlýlegt heimili og þangað fluttu einnig foreldrar hennar þegar þau brugðu búi í Túngarði 1951. Og í Drápuhlíðinni átti Soffía og þau öll sitt heimili þar til yfir lauk.

Soffía hafði einstaklega hlýtt viðmót og góða nærveru. Hún var ræðin og fród, glaðleg og hress. Hún kunni skil á mönnum og málefnum, ættum og sögum og hún elskaði sínar heimaslóðir. Túngarður og Staðarfell, það voru hennar lendur. Fá voru þau sumur sem hún heimsótti ekki Fellsströndina og frændur sína og frænkur á öðrum hverjum bæ.

En hún lét sér það ekki nægja. Hinn stóri heimur lokkaði líkt og Akureyri forðum. Og hún lét drauma sína rætast. Hún sótti heim fjarlæg lönd og framandi heimsálfur. Hún naut þess að ferðast og skoða heiminnog Soffia var vinamörg og trygg.

Soffiu var margt til lista lagt. Hún lærði ung að leika á orgel og það varð henni gleðigjafi ævina á enda. Fyrsta verkefnið sem beið hennar eftir hálfsmánaðar orgeltíma í Stykkishólmi var að spila við jarðarför Mariu ömmu sinnar. Þá var hún 14 ára. Og orgelið, sem afi hennar og amma í Hólminum gáfu henni, fylgdi henni alla tíð og veitti henni ómældar unaðsstundir. Hún elskaði líka að dansa og naut þess að skemmta sér í góðum hópi.

Ljóð voru henni einnig líf og yndi. Hún kunni kynstrin öll af kvæðum, lærði framsögn á efri árum og las upp kvæði á skemmtunum og mannamótum, oft heilu kvæðabálkana án þess að reka nokkurn tíma í vörðurnar. Hún tók einnig um árabíl þátt í starfi leikhópsins Snúður og Snælda og hafði mikla ánægju af.

Því Soffia kunni að njóta lífsins, þess lífs sem hún hafði verið svo nálægt því að missa. Hún gladdist yfir hverjum nýjum degi og því að vera heilbrigð. Hún vissi að það er ekkert sjálfsagt í þeim efnunum. Og á sama hátt lauk hún hverjum degi með því að þakka skapara sínum fyrir góðan dag og biðja fyrir öllu sínu fólki.

Soffia hafði gaman af að halda sig til, alltaf var hún glæsileg og vel til fara, lengst af há og tíguleg, með glaðlegt yfirbragð. Hún var einstaklega vönduð manneskja, mátti ekki vamm sitt vita og var heiðarleg til orðs og æðis. Hún var vandvirk svo af bar en aldrei hraðvirk.

En Soffia gat líka átt það til að vera dálítið sjálfhverf eins og þeir sem mikið hafa reynt og mikið hefur verið snúist við. Veikindi hennar urðu ósjálfrátt til þess að foreldrar hennar hlífðu henni og vernduðu, ef til vill einum of, meðan þeirra naut við. Skugginn af veikindum Soffiu og óttinn fylgdu fjölskyldunni alla tíð þótt lífið væri henni gott og gjöfult.

Foreldrum sínum reyndist Soffia einstök dóttir og innst inni var hún alltaf litla telpan þeirra. Og ástúð þeirra systkinanna og umhyggja var einstök í garð móður þeirra sem lifði það að verða 98 ára gömul. Aldrei leið sá dagur að þau heimsæktu hana ekki eftir að hún fór á elliheimili.

Soffiu var mikið í mun að halda minningu foreldra sinna á lofti og eitt það síðasta sem hún gerði var að afhenda Skjalasafni Dalamanna öll bréf, bækur og búreikninga föður síns. Og þótt Túngarður væri löngu kominn úr þeirra eigu aðstoðaði Soffia nýja eigendur við að staðsetja örnefni og sögur á jörðinni og um leið og hún syrgði dvínandi búskap í Dölum vestur gladdi það hana að sjá ungan trjágróðurinn vaxa á sínu gamla heimatúni.

En svo tók að halla undan fæti hjá Soffiu, afleiðingar skurðaðgerðarinnar forðum, sem lengdi líf hennar um 60 góð og gjöful ár, sögðu til sín og nú var fátt til ráða. Síðustu mánuðina dvaldi hún á Líknardeild Landakotsspítala, nær málstola en hugurinn skýr og athyglin óbrennluð. Það var erfitt hlutskipti, en þar sýndi Soffia ekki sist sinn heilsteypa innri mann.

Hún naut þess sem hver dagur gaf, brosti og þakkaði, hýr og hlýleg og gladdist yfir öllu góðu. Hún átti sinn trausta vina- og ættingjahóp sem studdi hana og gladdi til hinstu stundar.

Björg Magnúsdóttir ljósmóðir var oftast kennd við Túngarð en ólst upp í Arnarbæli og síðar á Staðarfelli á Fellsströnd. Hún var fædd 8. júní 1888 og lést 2. febrúar 1985 97 ára gömul. Foreldrar hennar Magnús Friðriksson, búfræðingur, oddviti og bóndi á Staðarfelli og Soffia Gestdóttir voru þremmenningar af Ormsætt. Björg var gáfuð kona og vel menntuð. Sauma lærði hún á Ísafirði og bóklegar greinar hjá séra Kjartani Helgasyni og séra Ásgeiri Ásgeirssyni í Hvammi í Dölum. Hún hélt til Reykjavíkur 1909 og nam þar ljósmóðurfræði og lauk prófi 1910. Hún starfaði síðan sem ljósmóðir í Fellsstrandarhreppi í 41 ár við mikla farsæld. Elskuð og dáð jafnt af konum sem körlum. Alls staðar bar hún með sér birtu og yl, mat og klæði, styrk og kjark. Í alls kyns veðrum, jafnt í færð og ófærð reið hún óbrúaðar árnar- ætíð í söðli- til þess að komst til skjólstaðinga sinna í tæka tíð. Björg var sérstaklega vel ritfær. Birst hafa eftir hana frábærar frásagnir af ýmsu sem fyrir hana bar við ljósmóðurstörfin. Björg elskaði ljósmóðurstarfið og allir elskuðu hana. Björg var framsýn kona sem fagnaði hverri framför og tækniþróun sem tíminn bar með sér. Hún minntist allsleysis, hungurs og ómegðar, fordóma og bábilja, samgönguleysis og vonleysis. Ef til vill ekki af eigin raunen augu ljósmóðurinnar í yfir 40 ár sáu margt og námu sem seint gleymdist. Hún syrgði því aðeins það bjarta frá liðinni tíð og bar gæfu og greind til til að greina það frá hinu þótt slika ára og minninga slægi roða á fortíðina. Björg var glæsilegur fulltrúi sinnar kynslóðar og ljósmóðurstéttarinnar. Hún skildi eftir í minni umsjá ótal margt, bæði í minningarsjóði og dýrmæta ættargripi. Eitt af því er lítil bók þar sem hún skráði fyrstu fæðingarnar. Þar stendur m.a. fæðing móður minnar Bjargar Guðfinnsdóttur, en móðir hennar Sigurbjörg og Björg voru þremmenningar og uppeldissystur og hvor annarri afar kærar:

N 11 1912 30 ágúst tók ég á móti 17 marka stúlkubarni hjá Sigurbjörgu í Galtardal, það er 9. barnið hennar og er hún 38 ára gömul. Henni varð illt algjörlega kl 12 í gærkveldi en kl 3 var barnið fætt og kom fylgjan sjálf eftir hálf tíma, það má segja að henni gengi vel. Hún hefur verið lasin í allt sumar og hálf kvíðandi fyrir þessu en allt fór vel. Hamingjuni sé lof.

Magnús Jónasson maður Bjargar var fæddur 3. maí 1884 í Köldukonn á Fellsströnd. Og ólst þar upp hjá forleðrum sínum Jónasi Magnússyni bónda þar og konu hans Maríu Ólafsdóttur konu hans af Ormsætt. Magnús var stórglæsilegur maður og mjög vel gefinn. Hann lauk prófi frá unglingskóla Sigurðar Þórólfsssonar í Búðardal og stundaði síðan nám við Gagnfræðaskólann á Akureyri veturinn 1909-10. Hann var bóndi í Túngarði 1915-1951. Hann átti sæti í hreppnefnd, var hreppstjóri, matsmaður, staðgengill sýslumanns og gengdi margvíslegum öðrum störfum fyri sveit sína og sýslu.

Honum var mikið í mun að börnin hans menntuðust. Hann skrifaði skólameistarannum á Akureyri, fékk þeim fylgdarmann og farareyri og fylgdi þeim sjálfur yfir Bröttubrekku og niður í Borgarfjörð. Í Soffu og Gesti rættust hans eigin vonir og draumar.

Það er mín fulla vissa að þau miklu merkishjón Björg og Magnús gleðist yfir framtaki Soffu sem með þessum styrk styrkir menntun kvenna, styrkir ljósmóðurfræðina sem var Björg svo kær. Ég vona að þessi sjóður auðveldi ungum konum þeirra spor á menntabrautinni og óska þeim öllum velfarnaðar í námi og starfi. Blessun Bjargar mun fylgja þeim.

Guðfinna Ragnarsdóttir